

Viðtakandi:

Íbúaráð Laugardals

Sendandi

Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Umhverfis- og
skipulagssvið
Borgartún 12-14
105 ReykjavíkÞjónustuver
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

411 1111

Efni


Það tilkynnist íbúaráði með bréfi þessu að skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar hyggst leggja fram tillögu til Umhverfis- og skipulagsráðs um sameiningu tveggja strætóstöðva Strætó í eina; þ.e. að stöðvarnar Austurbrún og Dragavegur verði sameinaðar í eina stöð sem staðsett verður mitt á milli þeirra.

Sameining strætóstoppa Austurbrúnar og Dragavegar í eina stöð

Leið 14 hefur verið í vandræðum um allnokkra hríð og var t.a.m. of sein (+4 mín.) í rúmlega 40% ferða á fyrsta ársfjórðungi 2023. Notendur hafa kvartað undan óstundvísi leiðarinnar enda er hún vel nýtt og var sú leið Strætó sem var með flest innstig á hvern kílómetra árið 2022. Það er nauðsynlegt að bregðast við og lagfæra áætlun leiðar 14 eins og kostur er.

Til þess að bæta stundvísi leiðarinnar þá lagði skipulagssvið Strætó til nokkrar tillögur að aðgerðum, haustið 2023. Ein þessara aðgerða var að leggja af strætóstöðina Hólsveg við Langholtsveg, sem áður hefur verið kynnt og er að koma til framkvæmda.

Önnur aðgerð sem Strætó lagði til var að sameina tvær strætóstöðvar sem standa við Austurbrún. Þær stöðvar sem um ræðir eru Austurbrún og Dragavegur (sjá mynd 1). Ný stöð, sem ekki hefur fengið nafn ennþá en mun líklega kallast Austurbrún, verður staðsett u.þ.b. miðja vegu milli fyrrnefndra stöðva.



Mynd 1 Yfirlitsmynd sem sýnir sameiningu stöðvanna Dragavegar og Austurbrúnar í eina stöð.

